

LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **M-01010/AIG-10**

Dags: **23. maí 2010**

Staður: **Sandskeið**

Lýsing: **Nauðlending vegna stjórnmissis**

Flugmaður á TF-HDW var á leið frá Rangá til Reykjavíkur þegar hann varð skyndilega var við að þyrlan lét ekki að stjórn. Þyrlan fór að leyta til hægri og svo virtist sem hann hafi ekki getað beint henni til vinstri. Flugmaðurinn nauðlenti þyrlunni og skall hún á hægri hlið í jörðina með þeim afleiðingum að landingarbúnaður skemmdist. Rannsóknarnefnd flugslysa í Frakklandi skipaði fulltrúa við rannsóknina og voru prófanir gerðar á þyrlunni hér á landi og stýribúnaði í Frakklandi. Við rannsókn á stýribúnaði kom í ljós að tjakkar sem stýra aðalþyrli þyrlunnar störfuðu ekki eðlilega.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 16. janúar 2014.